



Formannafundur faghópa rammaáætlunar

12. fundur, föstudaginn 12. feb. kl. 10:00 í Orkugarði.

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Guðni Jóhannesson, Kristinn Einarsson og Sveinbjörn Björnsson frá kl. 10:00-12:00. Anna G. Sverrisdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir frá kl. 11:00-12:00. Tómas Þór Tómasson skrifaði fundargerð.

Fundarfrásögn

- 1. Lokavinna vegna mats faghópa.** Matsvinnu faghóps 1 er lokið fyrir nokkru en enn er grunur á að í vinnuskjöllum AHP-greiningar leynist smávægileg villa. Páll Jensson hjá HÍ hefur ekki haft færi á að skoða málið og ákveðið var að kalla til aðstoð frá sérfræðingi á Orkustofnun. Faghópur 2 stefnir á að ljúka AHP-röðun um helgina. Faghópur 3 hefur að mestu lokið röðun. Faghópur 4 hefur lokið röðun en von er á síðustu athugasemdum eftir helgi. Starfsmaður hefur sent út uppkast að tveimur köflum (kynningu á virkjunarkostum og starf/niðurstöður faghóps 4) sem eru í yfirlestri. Formenn faghópa 1-3 eru að vinna að skrifum fyrir sína hópa. Sveinbjörn mun skrifa inngangskafla. Skila skal drögum að texta og töflum í síðasta lagi 17. feb.
- 2. Efni umsagnarskýrslu.**
 - a. Lögð var áhersla á að umfjöllun um vinnu faghópa miði að því að þar verði að finna svör og skýringar á þeim þáttum sem helst er búist við að fái athugasemdir og gagnrýni. M.a. skal taka mið af umræðum um niðurstöður 1. áfanga.
 - b. Faghópar 3 of 4 skulu leggja fram sitt hvora röðunina en einnig skal koma fram samþætting á röðun hópanna tveggja.
- 3. Umsagnarferli:**
 - a. Halda skal 6 - 8 opna kynningarfundir þar sem formenn faghópa munu kynna aðferðafræði og niðurstöður og svara fyrirspurnum.
 - b. Fyrsta fund skal halda í Reykjavík þann 9. mars í Skriðunni í húsnæði KHÍ. Þar er góð aðstaða til að senda fundinn út á netinu. Til greina kemur að kalla til fulltrúa stofnana og samtaka á höfuðborgarsvæðinu sem þátt taka í umsagnarferli, auk fjölmiðla . Einnig verður fundurinn auglýstur.
 - c. Dagana 29.-31. mars verður fundarferð með fundum á Mývatni, á Hólum og Nauteyri við Ísafjarðardjúp.
 - d. Fundnir verða dagar fyrir fundi á Egilsstöðum, Kirkjubæjarklaustri , Selfossi og í Reykjanesbæ.
 - e. Gera má ráð fyrir að stofnanir og samtök fari fram á sérstaka kynningarfundir. Til greina kemur að flokka slíka aðila saman og halda sameiginlega kynningarfundir með hverjum flokki.
 - f. Svanfríður mun senda iðnaðarráðuneytinu minnisblað um framgang umsagnarferlis og m.a. kalla eftir upplýsingum um fjármögnun og aðkomu aðstoðarmanna við umsjón og skipulagningu.

4. **Næsti fundur verkefnisstjórnar.** Ákveðið var að halda næsta fund verkefnisstjórnar 22. febrúar kl. 8:15-12:00. Megin efni fundarins verður umfjöllun um drög að skýrslu sem lögð verður fram vegna umsagnarferlis. Senda skal út drög að skýrslunni svo fljótt sem verða má (í síðasta lagi fös. 19. sept.)
5. **Samræming í lokaniðurstöðu verkefnisstjórnar.** Nokkuð var rætt um þróun aðferðafræði sem beita má við samþættingu niðurstaða allra faghópa sem verkefnastjórn geti beitt við lokaflokkun.. Ákveðið var að efna til vinnufundar um þetta efni á Orkustofnun þann 1. mars kl. 14:00.
6. **Fundi var slitið** kl. 12:00 og **næsti formannafundur** verður haldinn 1. mars.